

Hafnarfirði 16. nóvember 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Eins og fram hefur komið tekur ný reglugerð um sóttvarnir gildi frá og með miðvikudeginum 18. nóvember. Sú reglugerð hefur lítil áhrif á skólahald okkar einfaldlega vegna þess að hún leyfir ekki blöndun á milli hópa. Við munum því halda áfram með nánast **allt nám í fjarkennslu til föstudagsins 4. desember**. Þá tekur prófatími við, dagana 7. – 16. desember og vil ég minna á áður boðað fyrirkomulag hvað prófatímann varðar, þ.e. að **öll lokapróf við Flensborgarskólann verða rafræn**.

Meðal þess sem framundan er:

Allt nám í fjarkennslu, utan náms á **starfsbraut** sem kemur inn á fullum krafti miðvikudaginn 18. nóvember. Auk þessa verður ÍSAN hópnum og nemendum í bæjarbrú kennt í staðnámi.

Boðið verður upp á aðstoð í námi – svokallað **námsver**, fyrst í **stærðfræði fimmtudaginn 19. nóvember klukkan 16:00 fyrir nemendur í STÆR1AR** og geta þeir n skráð sig [hér](#).

Aðalfundur foreldraráðs Flensborgarskólans og **upplýsingafundur** vegna COVID-19 fer fram þriðjudaginn 17. nóvember klukkan 17:00 og hefur foreldrum/forráðamönnum verið sendur hlekkur á fundinn í tölvupósti.

Að lokum – í dag er dagur íslenskrar tungu. Í tilefni dagsins verða **ljóð eftir nemendur birt á vefsíðu** skólans og á samfélagsmiðlum. Fylgist endilega með og njótið ljóðanna, dagsins og nýrrar viku í náminu og munið að það stytir alltaf upp. Ég hef trú á betri tíð á nýju ári og við erum nú þegar farin að skipuleggja skólastarfið fyrir vorönnina með það að leiðarljósi að geta boðið upp á meira staðnám. Meira um það síðar. Þangað til hafið það sem allra best.

Kær kveðja,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594

